

135. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 10. janúar 2011, kl. 20:00 á 3. hæð Ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Katrín Gísladóttir og Guðmundur Kristinsson. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 10.01.2011.
Sigurjón Jónsson kom inn á fundinn að ósk fundarmanna til að kynna tillögu. Nefndin tekur jákvætt í tillöguna en leggur til að byggingareitur verði færður aftur um 2 metra. Byggingafultrúa falið að ákveða gólfkóta hússins.
2. Lágholt 11. Breyta heimagistingu /íbúðarhúsi í gistiskála/atvinnuhúsnæði.
Egill Egilsson sækir um f.h. Gagnleysu ehf, að breyta heimagistinu í gistiskála og fjölga bílastæðum á lóð, sbr. umsókn dags. 30.11.2010. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Lágholt nr. 6,7,8,9,10,13 og 19a. Athugasemdir bárust frá Eiríki Helgasyni og Unni Maríu Rafnsdóttur Lágholti 6, dags. 5.01.11 og Eypóri Lárentsínussyni og Auði Bárðardóttur Lágholti 8, dags. 3.01.2011.
Nefndin óskar eftir bygginganefndarteikningum af fyrirhugaðri starfsemi.
3. Aðalgata reitur merktur 2 og 3 á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis, lóðarumsókn.
Útgerðarfélagið Engey ehf/Óskar Eypórsson sækir um lóðir á reitum merktir 2 og 3 á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Aðalgötu. Á lóð 3 hefur umsækjandi hug á að reisa um 700 m² hús undir fjölpætta bifreiðþjónustu og sjálfsafgreiðslueldneytisstöð á lóð nr. 2. Lagðar fram umsagnir vegna erindis frá Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur/Skipulagsstofnun dags. 16.12.2010 og Helga Helgasyni/ Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dag. 21.12.2010.
Nefndin bendir á að hluti af fyrirhugaðri starfsemi er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag og deiliskipulag af svæðinu.

4. Tangagata 5, stækkun á lóð, breyting á aðkomu og fjölgun bílastæða.
Gústaf G. Ómarsson og Jóhanna Esjarsdóttir sækja um að stækka lóð Tangagötu 5 niður að Ægisgötu, ennfremur að aðkoma að húsi og bílastæði verði frá Ægisgötu., sbr. bréf dags. 29.12.2011.
Nefndin leggur til að grenndarkynna erindið fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 6, 9 og 11.
5. Hesthúsabyggð, deiliskipulagstillaga.
Lögð fram deiliskipulagstillaga af hesthúsasvæði Hesteigendafélagsins Fákaborgar í Stykkishólmi teiknað af Glámu Kím /Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.01.2011.
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlagalaga nr. 73/1997.
6. Afmörkun á bílastæðum fyrir rútur.
Formanni falið að koma með tillögur að rútustæðum.
7. Önnur mál.
 - 7a.
Skipulagsstofnun, tölvupóstur dags. 5.01.2011.
Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun um námskeið í skipulagsgerð sveitarfélaga . Námskeiðið er ætlað fyrir kjörna fulltrúa í skipulagsnefndum og sveitarstjórnnum.
 - 7b.
Lög um mannvirki nr. 160/2010.
Lögð fram lög um mannvirki sem tóku gildi 1. janúar 2011.
 - 7c.
Guðmundur Kristinsson bendir á að laga þarf enda á gangstétt við fyrsta botnlanga í Hjallatanga.

Fundi slitið kl. 23:10.

B.V.